

Fréttabréf UMSE

1. tbl. 31. árgangur 2016



Nýr UMSE galli

UMSE gallinn er til sölu hjá versluninni Toppmenn- og sport á Akureyri.

Gallinn verður niðurgreiddur af UMSE fram til 1. júní 2017. Verslunin selur gallann með niðurgreiðsluverðinu og því þarf ekki að sækja hana sérstaklega.

Gallarnir eru frá Hummel. Til þess að halda niður verðinu á göllunum, er pöntunum safnað saman og gallarnir pantaðir í magni. Þar af leiðandi getur afgreiðsla gallanna dregist um töluverðan tíma meðan náð er tilteknum fjölda til pöntunar.



Við viljum hvetja þau félög sem vilja nýta sér gallann að fá lánað mátunarsett hjá versluninni og vera með mátunar- og pöntunardag fyrir sitt fólk. Þannig mætti afgreiða galla á mun skemmri tíma.

Tengiliður í versluninni er Sveinn, verslunarstjóri. Hægt er að hafa samband við hann með því að senda tölvupóst á toppmenn@toppmenn.is eða hafa samband við hann í síma 461 1855.

Ef einhverjar viðbótarspurningar vakna, er ykkur velkomið að hafa samband við skrifstofu UMSE í tölvupósti umse@umse.is eða í síma 868 3820.

Kjör íþróttamanns UMSE

Kjóri íþróttamanns UMSE 2016 verður lýst 19. janúar 2017 í Hlíðarþæ í Hörgársveit. Tíu einstaklingar verða í kjörinu. Veittar verða viðurkenningar til íþróttamanna sem tilnefndir eru. Jafnframt verða veittar viðurkenningar fyrir góðan árangur í íþróttum á árinu.



Bústólpi

FÓÐUR OG ÁBURÐUR

Bústólpi er aðalstyrktaraðili UMSE. Bústólpi hefur þannig um áraraddir lagt sitt af mörkum við uppbyggingu þeirrar öfluglu íþróttastarfssemi sem nú er á starfssvæði UMSE.

Bústólpi framleiðir fóður fyrir nautgripi, sauðfé, svín, hross, varp-, og alifugla. Auk þess hefur fyrirtækið á boðstólum úrval af sáðvöru, og áburði í litlum sem stórum pakkningum, á hagstæðu verði.

Fyrirtækið býr yfir áralangri reynslu í þjónustu við bændur, garðeigendur og skógræktarfólk.

Bústólpi selur einnig fódursíló og aðrar vörur tengdar fódrun og jarðrækt.

Heimsækið Bústólpa á www.bustolpi.is

Unglingalandsmótið í Borgarnesi

Um verslunarmannahelgina fór fram Unglingalandsmót UMFÍ í Borgarnesi. Keppendur frá UMSE voru 29 að þessu sinni og kepptu í fjallahjólreiðum, frjálssþróttum, knattspyrnu, körfuknattleik, golfi, glímu, sundi og skák.

Mótið var í alla staði til mikillar fyrirmyndar og það sama má segja um keppendur UMSE og þeirra aðstandendur.

UMSE stóð að venju fyrir grillveislu fyrir sitt fólk á mótinu. Um 90 manns sóttu veisluna.

Fjölmörgum Unglingalandsmótsmeistaratitlum var landað af keppendum UMSE.

- Amalía Nanna Júlíusdóttir varð Unglingalandsmótsmeistari í 100 m fjórsund, 50 m bringusund, 50 m flugsundi og boðsundi (blönduð sveit) í flokki 13-14 ára.
- Agnes Fjóra Flosadóttir varð Unglingalandsmótsmeistari í 50 m skriðsundi, 100 m skriðsundi og boðsundi (blönduð sveit).
- Daniel Rosazza varð Unglingalandsmótsmeistari í fjallahjólreiðum í flokki 13-15 ára.
- Guðmundur Smári Daníelsson varð Unglingalandsmótsmeistari í 110 metra grindarhlaupi, hástökki pilta, langstökki pilta,

kúluvarpi og kringlukasti í flokki 18 ára pilta. Einni varð hann meistari í glímu.

- Kristín Erna Jakobsdóttir varð Unglingalandsmótsmeistari í 50 m skriðsundi og 50 m bringusundi 11 ára í flokki hreyfihamlaðra og Unglingalandsmótsmeistari í langstökki og 60 m hlaupi í flokki hreyfihamlaðra.
- Snædís Ósk Aðalsteinsdóttir varð Unglingalandsmótsmeistari í golfi í flokki 16-18 ára.
- Viktor Hugi Júlíusson varð Unglingalandsmótsmeistari í 100 metra hlaupi, 100 metra grindarhlaupi (84 cm) og hástökki pilta 15-16 ára.

Ýmis önnur verðlaun unnust á mótinu og má sjá heildar úrslit á <http://landsmot.umfi.is/>.

UMSE færir öllum þeim sem komu að þátttöku á mótinu kærar þakkir.

Sérstakar þakkir fá þeir aðilar sem studdu við þátttöku UMSE á mótinu. Það voru:

Bústólpi, aðalstyrktaraðili UMSE

Landflutningar Samskip

Félagsbúið Áshóli

Ölgerðin

Nýja kaffibrennslan.



UMSE þakkar eftirtöldum aðilum fyrir stuðninginn á Unglingalandsmóti UMFÍ



Félagsbúið Áshóli



Bústólpi
FODUR OG ÁBURÐUR



Ölgerðin

Landsmótssjóður

Landsmótssjóður UMSE 2009 var stofnaður í kjölfar Landsmóts UMFÍ sem haldið var á Akureyri árið 2009. Mótshaldið var samstarfsverkefni UMSE og Ungmennafélags Akureyrar.

Sjóðurinn hefur frá stofnun stutt vel við margvísleg verkefni. Tilgangur sjóðsins er að stuðla að öflugra starfi hjá UMSE og aðildarfélögum þess. Sjóðurinn styrkir ýmis verkefni í innra starfi UMSE – svo sem:

-Fræðslustarf – m.a. námskeiðshald og fyrirlestra fyrir þjálfara, leiðbeinendur, starfsmenn og/eða dómara, félagsmenn og iðkendur innan UMSE.

-Útbreiðslu- og kynningarstarf í því skyni að gera UMSE sýnilegra og vekja athygli á fjölþættu starfi sambandsins.

-Önnur verkefni sem sjóðsstjórn metur að séu til þess fallin að efla innra starf UMSE.

Úthlutað er úr sjóðnum tvisvar á ári, 1. júní og 1. nóvember. Umsóknarfrestur fyrir fyrri úthlutunina er til og með 30. apríl og fyrir þá seinni til og með 30. september. Nánari upplýsingar um sjóðinn er að finna í reglugerð hans á heimasíðu sambandsins, www.umse.is.

Fyrir fyrri úthlutun ársins bárust tíu umsóknir og hlutu sex þeirra úthlutun:

- Sundfélagið Rán vegna dómaranámskeiðs í sundi.
- Hestamannafélagið Funi vegna fyrirlestrarraðar um hestatengt efni.
- Umf. Æskan vegna kaupa á borðtennisborðum.
- Agnes Fjóra Flosadóttir, vegna æfingaferðar.
- Atli Sveinn Þórarinnsson, vegna þjálfunarmenntunar í knattspyrnu.
- Sveinn Torfason, vegna þátttöku á ráðstefnu skíðaþjálfara.

Við seinni úthlutunina bárust sjóðnum þrjár umsóknir og hlutu tvær þeirra úthlutun.

- Skíðafélag Dalvíkur, til kaupa á tæknibúnaði vegna þjálfunar.
- Stjórn UMSE, vegna vinnu við varðveislu á sögulegum gögnum og ljósmyndum.

Afreksmannasjóður UMSE

Þann 15. desember var úthlutað úr afreksmannasjóði UMSE. 12 einstaklingar hlutu úthlutun að þessu sinni. Umsækjendur koma frá nokkrum félögum og úr nokkrum mismunandi íþróttagreinum. Stjórn UMSE úthlutar úr sjóðnum.

Eftirtaldir hlutu úthlutun:

- Amalía Nanna Júlíusdóttir, sundkona, Sundfélaginu Rán.
- Amanda Guðrún Bjarnadóttir, golfkona, Golfklúbbnum Hamri.
- Andrea Björk Birkisdóttir, skíðakona, Skíðafélagi Dalvíkur.
- Arnór Snær Guðmundsson, golfmaður, Golfklúbbnum Hamri.
- Axel Reyrrúnarsson, skíðamaður, Skíðafélagi Dalvíkur.
- Eir Starradóttir, frjálsíþróttakona, Umf. Æskunni.
- Guðmundur Smári Daníelsson, frjálsíþróttamaður, Umf. Samherjum.
- Guðni Berg Einarsson, skíðamaður, Skíðafélagi Dalvíkur.
- Helgi Halldórsson, skíðamaður, Skíðafélagi Dalvíkur.
- Hjörleifur Helgi Sveinbjarnarson, sundmaður, Sundfélaginu Rán.
- Viktor Hugi Júlíusson, frjálsíþróttamaður, Umf. Svarfdæla.
- Sveinborg Katla Daníelsdóttir, frjálsíþróttakona, Umf. Samherjum.

Þessir einstaklingar eiga það sameiginlegt að vera efnilegir íþróttamenn sem hafa staðið sig frábærlega, hver á sínum vettvangi, á árinu.

Samtals var úthlutað úr afreksmannasjóðnum kr. 420.000.- til þessara 12 aðila. Einni umsókn var hafnað.

UMSE óskar þessu íþróttafólki innilega til hamingju með árangur sinn í íþróttum og velfarnaðar í framtíðinni.

Fréttir af síðasta ársþingi

95. ársþing UMSE fór fram í Þelamerkurskóla 16. mars. Þingið var í umsjón Umf. Smárans. Mættir voru 33 af 44 mögulegum fulltrúum 13 aðildarfélaga og stjórnar. Þess ber að geta að öll aðildarfélög UMSE áttu fulltrúa á þinginu. Þingið var lífflegt að venju og sköpuðust m.a. lífflegar umræður um hlutverk og stefnu sambandsins.

Haukur Valtýsson, formaður Ungmennafélags Íslands var gestur þingsins og veitti hann Þorgerði Hauksdóttur starfsmerki UMFÍ. Aðrir gestir þingsins voru Viðar Sigurjónsson, skrifstofustjóri ÍSÍ á Akureyri og Snorri Finnlaugsson, sveitarstjóri Hörgársveitar.

UMSE veitti nokkrum aðilum heiðursviðurkenningar fyrir gott og mikið starf. Guðrún Sigurðardóttir (Umf. Svarfdæla), Elín B. Unnarsdóttir (Sundfélagið Rán), Gestur Hauksson (Umf. Smárinn), Ásgeir Már Hauksson (Umf. Smárinn) og Ingunn Aradóttir (Umf. Smárinn) voru öll sæmd Starfsmerki UMSE. Niels Helgason og Gísli Pálsson voru sæmdir Gullmerki UMSE fyrir ævistarf sitt í þágu íþróttá- og ungmennafélagsmála.

Það var svo Umf. Svarfdæla sem hlaut félagsmálabikar UMSE fyrir starf sitt á árinu 2015.

Bjarnveig Ingvadóttir (Umf. Svarfdæla) var endurkjörin formaður UMSE, Sigrún Finnsdóttir (Umf. Smárinn) var endurkjörin ritari og Þorgerður Guðmundsdóttir (Umf. Samherjar) endurkjörin meðstjórnandi.



Í varastjórn var Guðrún Sigurðardóttir (Umf. Svarfdæla) endurkjörin og samkvæmt tillögu uppstillingarnefndar voru Björgvin Hjörleifsson (Skíðafélag Dalvíkur) og Elvar Óli Marinósson (Umf. Reyni) einnig kjörnir í varastjórn.

Ársskýrsla UMSE er nú aðgengileg á vefsíðunni www.umse.is.

Opnunartími á skrifstofu UMSE:

Þriðjudaga frá kl. 11:00 til 15:00

Fimmtudaga frá kl. 11:00 til 15:00

Knattspyrnumót UMSE og Bústólpa

Sunnudaginn 16. október fór fram Knattspyrnumót UMSE og Bústólpa. Eftir árangurslausar tilraunir til að halda það utanhúss í lok sumars var ákveðið að halda það í Íþróttamiðstöðinni í Eyjafjarðarsveit. Það mætti segja að skráning hafi gengið vonum fram og því þurfti að færa tvo flokka á sparkvöllinn þar fyrir utan. Fjöldi liða var 19 að þessu sinni og voru þátttakendur um 120 talsins. Eftir keppni fengu allir þátttakendur pizza sneið og svala, auk þess sem þeim var boðið í sund.

Mótið gekk vel og viðbrögðin við því voru góð. Því hefur komið upp sú hugmynd að halda annað svona mót snemma árs 2017. Knattspyrnunefnd UMSE væri til í að fá ábendingar um hvað væri hægt að gera betur en síðast. Þær er hægt að senda á elvaroli58@gmail.com.

Knattspyrnunefndina í ár skipa, Elvar Óli Marinósson Umf. Reyni, Einar Hafliðason Umf. Þorsteini Svörfuði og Jóhannes Gísli Pálmason Umf. Smáranum.



*Okkar bestu óskir um gleðilega
hátið og farsælt komandi ár.
Þökkum samstarfið á árinu.*

Ungmennasamband Eyjafjarðar



www.umse.is

*Littu við á heimasíðu UMSE
Þar finnurðu fréttir af starfi UMSE og aðildarfélaga þess*

*Skrifstofa UMSE er opin á þriðjudögum kl. 11:00-15:00 og á fimmtudögum kl. 11:00-15:00.
Utan þess tíma er hægt að hafa samband við framkvæmdastjóra í síma:868-3820
eða tölvupósti: umse@umse.is*

Útgefandi:
Ungmennasamband Eyjafjarðar
Óseyri 2, 603 Akureyri.
Veffang: www.umse.is
Tölvupóstur: umse@umse.is
Ábyrgðarmaður: Þorsteinn Marinósson